

Samstarfssamningur AkureyrarAkademíunnar og Háskólans á Akureyri

Aðilar að samningnum eru AkureyrarAkademían, kt. 450914 1500, og Háskólinn á Akureyri, kt. 520687 1229.

Markmið og tilgangur

- Markmið samningsins er að efla samstarf milli aðila, stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilarnir búa yfir.
- Aðilarnir munu í sameiningu vinna að því að þróa aðferðafræði sem miðar að því að koma þekkingu á framfæri á einfaldan og aðgengilegan hátt sem og að stuðla að samræðum um fræði og vísindi.

Engar fjárhagslegar skuldbindingar felast í þessum samningi.

Hlutverk aðila

- AkureyrarAkademían skal á hverju vormisseri veita Háskólanum á Akureyri upplýsingar um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk til forseta viðeigandi fræðasviða.
- Háskólinn á Akureyri getur leitað til fræðimanna AkureyrarAkademíunnar hvort sem er fyrir stundakennslu eða einstök erindi.
- Munu aðilar halda sameiginlega viðburði í húsakynnum Háskólans á Akureyri á samningstímanum. Efni þeirra verður ákveðið í samstarfi aðilanna. Aðilarnir munu leita leiða til miðlunar þekkingar og nýta til þess tækjakost Háskólans á Akureyri.

Gildistími

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Samningsaðilar geta sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara.

Akureyri, 30. október 2023

Undirritunarsíða

Rektor Háskólans á Akureyri
Elín Díanna Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri Akureyrarakademiunnar
Aðalheiður Steingrímsdóttir